

Ed.

66. Frumvarp til laga

[62. mál]

um biskupsembætti hinnar íslensku þjóðkirkju.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Biskupsdæmi hinnar íslensku þjóðkirkju skulu vera tvö, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi. Skal sú skipan á komast, þegar fé er veitt á fjárlögum í þessu skyni.

2. gr.

Skálholtsbiskupsdæmi tekur yfir Suðurland, Vesturland og Vestfirði, frá Skaftafellsprófastsdæmi til Ísafjarðarprófastsdæmis, að báðum prófastsdæmum meðtöldum.

Hólabiskupsdæmi nær yfir Norðurland og Austurland, frá Húnavatnsprófastsdæmi til Austfjarðarprófastsdæmis, og eru bæði prófastsdæmin meðtalín.

3. gr.

Biskupinn í Skálholtsbiskupsdæmi situr í Reykjavík. Með tilskipun forseta Íslands má þó mæla svo fyrir, að tillögu kirkjumálaráðherra, að embættissetur hans verði annars staðar í biskupsdæminu, enda mæli meiri hluti þjónandi þjóðkirkjupresta og safnaðarfulltrúa biskupsdæmisins með því.

Biskupinn í Hólabiskupsdæmi situr á Hólum í Hjaltadal. Með tilskipun forseta Íslands má þó, að tillögu kirkjumálaráðherra, ákveða annað biskupssetur innan biskupsdæmisins, enda mæli meiri hluti þjónandi þjóðkirkjupresta og safnaðarfulltrúa biskupsdæmisins með því.

4. gr.

Biskupar fara hvor um sig með sérmál biskupsdæmis síns. Þeir vígja presta og kirkjur og hafa tilsjón með kristnihaldi hvor í sínu umdæmi, hafa eftirlit með framkvæmd kirkjumála þar og störfum þeirra manna, sem vinna í þjónustu kirkjunnar, og setja fram tillögur, umsagnir og álitserðir við kirkjumálaráðuneyti og önnur stjórnvöld um verkefni, er varða viðkomandi biskupsdæmi. Þeir skulu vísitera presta og söfnuði biskupsdæmis síns eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Þeir fjalla almennt um þau verkefni, er nú ber undir biskup Íslands, og varða biskupsdæmi hvors um sig.

Um verkefni, er varða þjóðkirkjuna í heild sinni, skulu biskupar fjalla sameiginlega, nema annan veg sé mælt. Skulu kirkjumálaráðuneyti og önnur stjórnvöld leita tillagna og umsagnar þeirra beggja um slík mál eftir því sem lög og venjur standa til að því er varðar biskup Íslands.

5. gr.

Sjóðir og aðrar kirkjueignir, sem samkvæmt lögum, skipulagsskrám eða öðrum löggörningum eru bundin öðru biskupsdæminu, skulu vera í umsjá og vörslu viðkomandi biskups, ef heimildargögn mæla því eigi í gegn.

Aðrir sjóðir og kirkjueignir skulu lúta vörslu og reikningshaldi Skálholtsbiskups. Kirkjuráð ráðstafar fé, er til úthlutunar kemur úr sjóðum þessum og kveður á um ráðstafanir varðandi kirkjueignir þær, sem hér um ræðir, enda mæli lög, skipulagsskrár eða aðrir löggerningar því eigi í gegn.

6. gr.

Skálholtsbiskup er fulltrúi íslensku þjóðkirkjunnar út á við gagnvart erlendum kirkjum, kirkjudeildum og kirknasamböndum. Hann getur falið Hólabiskupi að koma fram erlendis vegna íslensku þjóðkirkjunnar eða fara með einstök mál, er varða skipti hennar við erlend kirkjufélög. Leita skal álits Kirkjuráðs um öll meiri háttar mál, er varða tengsl íslensku þjóðkirkjunnar við erlend kirkjufélög.

7. gr.

Biskupar báðir eiga sæti á kirkjuþingi og í kirkjuráði, svo og á prestastefnu fyrir landið allt. Biskupar eru forsetar kirkjuþings og prestastefnu til skiptis eftir þeirri röð, sem þeir koma sér saman um. Skálholtsbiskup er forseti kirkjuráðs.

Prestastefna skal haldin ár hvert fyrir landið allt, en prestastefnur í biskupsdæmum eigi sjaldnar en annað hvert ár. Biskup er forseti prestastefnu, er bundin er við biskupsdæmi hans.

8. gr.

Biskupar njóta þeirra lögkjara, sem biskup Íslands nýtur nú.

Kirkjumálaráðherra skipar skrifstofustjóra (biskupsritara) á hvorri biskupsstofu um sig, að fengnum tillögum biskups. Tengja má starf þetta á biskupsstofu Hólabiskupsdæmis við prestsþjónustustarf eða annað þjónustustarf í þágu kirkjunnar.

9. gr.

Biskup vígir eftirmann sinn biskupsvígslu, en ella biskup í hinu biskupsdæminu.

10. gr.

Nú getur biskup eigi gegnt störfum vegna veikinda, fjarveru eða af öðrum sérstökum ástæðum, og kveður kirkjumálaráðherra þá á um það í samráði við biskup, hversu haga skuli rækslu embættisins. Nú fellur biskup frá eða lætur af embætti, og skal þá yfirleitt setja hinn biskupinn til að gegna embættinu um stundasakir, uns nýr biskup hefur verið skipaður.

11. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal eftirfarandi málum skipað svo sem hér segir:

1. Skipa skal yfirkjörstjórnir prestskosninga í hvoru biskupsdæmi um sig, sbr. 15. gr. laga nr. 32/1915, og á biskup í viðkomandi biskupsdæmi sæti í yfirkjörstjórn.

2. Prest á Þingvöllum skal skipa, að fengnum tillögum Skálholtsbiskups og Þingvallanefndar, sbr. 6. gr. 1. málsg. laga nr. 35/1970.

3. Biskupar ráða í sameiningu starfsmenn þá, er greinir í 6., 7., 8. og 9. gr. laga nr. 35/1970, að undanteknum presti á Þingvöllum, sbr. 2. tölulið. Nú greinir biskupa á, og ræður Kirkjuráð þá máli til lykta.

4. Kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra þjóðkirkjunnar í samráði við báða biskupa og að fengnum tillögum Kirkjuráðs, sbr. lög nr. 73/1941, 2. gr.

5. Leita skal tillagna beggja biskupa um málefni það, er greinir í lögum nr. 60/1972, 16. gr.

6. Kirkjumálaráðherra skipar annan hvorn biskupinn formann skipulagsnefndar kirkjugarða til nánar tiltekins tíma, sbr. 4. gr. laga nr. 21/1963.

7. Kirkjumálaráðherra ákveður, hvor biskup landsins skuli eiga sæti í kjörstjórn vegna kosningar til kirkjubings, sbr. lög nr. 43/1957, 6. gr., og er rétt að tíma- binda skipunina.

8. Skálholtsbiskup hefur ásamt Kirkjuráði forræði um framkvæmdir og starf- rækslu Skálholtsstaðar í umboði þjóðkirkju Íslands, sbr. lög nr. 32/1963.

12. gr.

Stefnt skal að því, að endurskoðuð verði lög um biskupskosningu, svo og önnur lög, er varða biskupsembætti, áður en lög þessi koma til framkvæmda.

13. gr.

Í reglugerð, er kirkjumálaráðherra setur, að fengnum tillögum biskups Íslands og Kirkjuráðs, skal kveða nánar á um skiptingu verkefna milli biskupa tveggja, svo og eftir atvikum um skiptingu eigna milli biskupsdæmanna.

14. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1977. Koma þau til framkvæmda, þegar fé hefur verið veitt á fjárlögum til að koma á þeirri skipan, sem lögín mæla fyrir um, og samkvæmt því, er kirkjumálaráðherra kveður nánar á um.

Frá því að lögín koma til framkvæmda eru niður lögð embætti vígslubiskupa og lög nr. 38/1909 falla þá úr gildi.

Biskup Íslands á vól á að takast á hendur hvort biskupsembættið, sem hann kys. Kirkjumálaráðherra hlutast til um, að biskupskosning fari fram í hinu biskups- dæminu, þegar ráðið verður að lögín komi til framkvæmda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta sem dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari hefur samið að tilhlutan dóms- og kirkjumálaráðuneytisins var lagt fyrir Alþingi á s.l. vori, en varð ekki útrætt. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

I.

Á síðustu árum hefur þeirri skoðun aukist fylgi, að réttmætt sé að fjölga biskups- embættum hér á landi. Tengjast þau mál miðg umræðu um endurreisn biskups- setranna fornu, í Skálholti og á Hólum. Auk þess veitir tillitið til starfsnauðsynjar kirkjunnar sjálfrar þeirri skoðun stoð, með því að einum biskupi er ofviða að hafa þau tengsl við söfnuði landsins sem æskilegt er. Röksemdir manna eru sumpart af sögulegum rótum runnar og sumpart víkja þær að mati á þörfum kirkjunnar um fleiri forustumenn með biskupvígslu. Hugmyndir manna um lausn á þessu vanda- máli eru nokkuð skiptar, að því er virðist. Vilja sumir hafa biskupsdæmin þrjú, Skálholts-, Hóla- og Reykjavíkurbiskupsdæmi, sbr. t. d. frumvarp Kirkjubings 1968, en aðrir að biskupsdæmin verði tvö, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi, sbr. frumvarp Kirkjubings 1958. Um biskupssetrin eru menn eigi á einu máli. Þar sem ýmsir vilja, að biskupar sitji í Skálholti og á Hólum, en aðrir, að þeir sitji í Reykjavík og á Akureyri. Þá kann að vera skoðanamunur um það, hvernig haga eigi starfsskiptingu milli biskupa, einkum ef þeir eru tveir, þ. á m. um sameiginleg mál- efni þjóðkirkjunnar og fyrirsvar hennar út á við gagnvart erlendum kirkjufélögum.

Mál þetta hefur eigi komið til álita á Alþingi um allanga hrið. Kirkiubing hefur tvívegis samþykkt frv. til laga um fjölgun biskupsembætta, 1958 og 1968, en þau frv. voru eigi flutt á Alþingi. Kirkjumálaráðuneyti hafa borist allmargar ályktanir með áskorunum um endurreisn Hólabiskupsdæmis. Þykir ráðuneytinu rétt, að leitað

sé eftir afstöðu Alþingis til þessa máls. Er það efni frv. að mæla fyrir um skiptingu landsins í tvö biskupsdæmi, Hólabiskupsdæmi og Skálholtsbiskupsdæmi, en ráðuneytið telur af fjárhagsástæðum eigi fært að leggja til stofnun fleiri biskupsembættta. Eru staðarmörk milli þeirra ákveðin í frv. nokkuð á annan veg en var til forna, þ. e. að Norðurland og Austurland heyri til Hólabiskupsdæmis, en aðrir landshlutar heyri undir Skálholtsbiskupsdæmi. Með frv. er til þess stofnað, að Hólar í Hjaltadal verði endurreistir sem biskupssetur, ef vilji manna stendur til þess, sbr. 3. gr. frv. Frv. byggir á því, að embættissetur Skálholtsbiskups verði í Reykjavík, en einnig um það efni má skipa fyrir á annan veg, sbr. 3. gr. frv. Miðað er við það, að lögin komi ekki til framkvæmda, fyrr en fé er veitt til breytinga þessara á fjárlögum. Gert er ráð fyrir, að þegar lögin koma til framkvæmda verði vígslubiskupsembætti niður lögð. Kirkjulaganefnd, sem kirkjumálaráðherra hefur skipað til að endurskoða kirkjumálaggjöfina, mun á næstunni endurskoða ýmis lög, er varða biskup og biskupsembætti, þ. á m. lög um biskupskosningar nr. 21/1921 o. fl. Þótti því ekki ástæða til að gera tillögur í frv. þessu um breytingar á þessum lögum. Þá má og benda á, að ef frv. verður lögfest, þarf t. d. endurskoðunar við um skipan Kirkjubings og Kirkjuráðs. Um einstök verkefni biskups og stöðu hans innan stjórnsýslukerfis eru ákvæði laga eigi rækileg, og þarf það mál allt nánar athugunar. Hyggilegt þykir, að þau mál biði hinnar almennu endurskoðunar, sem nú er stofnað til, og séu þau eigi tengd því frv., sem hér er flutt.

II.

Með konungsráðgjörðum 15. apríl 1785 var ákveðið að flytja biskupssetur og skóla frá Skálholti til Reykjavíkur, sbr. og konungsbréf 29. apríl s. á. og ráðuneytisbréf 27. apríl s. á. um sölu jarðeigna Skálholtsstóls. Næsta ár var skólinn fluttur þaðan og eignir seldar á næstu árum. Hannes biskup Finnsson fékk þó leyfi til að sitja þar til dánardægurs síns 1796, enda keypti hann jörðina. Við andlát hans lauk sögu biskupsseturs í Skálholti að sinni. Síðasti Hólabiskupinn Sigurður Stefánsson lést tveimur árum síðar. Með konungsbréfi 2. október 1801 var Hólastóll niður lagður, skóli og prentsmíðja flutt þaðan og eignir seldar, sbr. ráðuneytisbréf 13. mars 1802. Galt Norðurland mikið menningarlegt afhröð við þessa ráðstöfun. Landið varð með þessum hætti eitt biskupsdæmi, og hefur við svo búið setið æ síðan. Með lögum nr. 38/1909 voru stofnuð embætti vígslubiskupa, sem bundin er við hin fornu biskupsdæmi að því er staðarmörk varðar.

Andvirði eigna biskupsstólanna kom kirkjunni lítt til nytja, svo sem þó var til ætlast að nokkru, og hvarf fé þetta að verulegu leyti í hina almennu verðfellingu næstu ára. Í konungsbréfi 29. apríl 1785 var að vísu veitt fyrirheit um, að biskup mætti reisa sér bústað í Reykjavík og kjósa eina af jörðum konungs í Gullbringu- og Kjósarsýslu sér til hlunninda og að auki eina af stólsjörðum handa biskups- ekkju. Framkvæmd á þessu varð þó harla lítil. Þjó hinn fyrsti biskup í Reykjavík við skarðan fjárhlut, en biskupsbústaður í Laugarnestorfu, er síðar var reistur, var illa úr garði gerður og seldur samkvæmt leyfi þar um hinn 8. apríl 1856. Eftir það hefur biskup setið í Reykjavík og notið húsaleigustyrks lengstum, en ríkið hefur nú keypt bústað, sem við hæfi er, fyrir biskup.

Hið bágborna efnahagsástand þjóðarinnar síðast á 18. öld, sem kom í kjölfar mikilla náttúruhamfara og örðugs árferðis réð því, að horfið var að því ráði að leggja niður biskupsstól á Hólum og flytja biskupssetur frá Skálholti til Reykjavíkur. Kom hér einnig til það viðhorf, að ákveðið var, að Reykjavík skyldi verða aðsetur stjórnvalda landsins og æðsta innlenda dómstólsins, en um sölu jarðeigna hefur vafalaust gætt þeirrar stefnu, að stuðla skyldi að því, að bændur yrðu sjálfs- eignarhændur.

Á þessu raunarlega tímabili í sögu þjóðarinnar var Alþingi einnig lagt niður árið 1800, svo sem alkunna er. Það var þó endurreist 45 árum síðar. Hins vegar

hefur dregist miklu lengur en sæmilegt má þykja að endurreisa Hólastól og koma þar á fót stofnunum, sem geti gegnt mikilvægu hlutverki í þágu kristnihalds. Hefur lengi sviðið undan því. Kemur sterklega til greina að afhenda þjóðkirkjunni Hóla til forræðis með svipuðum hætti og Skálholt, en í Skálholti hafa myndarleg mannvirki verið reist auk hinnar fögru dómkirkju, og markverð starfsemi er hafin þar á kristilegum grundvelli. Með þessu myndarlega átaki er Skálholt hafið úr þeirri niðurlægingu, sem það var komið í. Á grundvelli þeirrar reynslu, sem fengist hefur um endurreisn Skálholts þarf nú að hefjast handa um endurreisn Hóla í þágu þjóðkirkjunnar. Er þetta frv. reist á þeirri skoðun, að biskupssetur á Hólum sé mikilvægur þáttur í því endurreisnarstarfi.

Rétt þykir að svo vöxnu að gera nokkra grein fyrir frumvörpum til laga og tillögum til þingsályktana, sem komið hafa fram á Alþingi um biskupsembætti, svo og frumvörpum, sem samþykkt hafa verið á Kirkjuþingi um þetta mál, eða rædd þar. Með því fæst nokkur innsýn í hugmyndir þær, sem efstar hafa verið á baugi um lausn þessa máls.

III.

Á Alþingi 1881 var samþykkt þingsályktun þar sem skorað var á stjórnina að veita hvorki amtmannsembætti né biskupsembætti og leggja fyrir næsta þing frv. um afnám þessara embætta. Þessi þingsályktun varð þó ekki efni til neinna lög-gjafaraðgerða.

Á Alþingi 1891 bar einn þingmaður fram frv. um afnám embætta. Var þar m. a. ákvæði um, að leggja skyldi niður biskupsembættið og prófastinum í Kjalarness-prófastsdæmi falið að vígja presta. Þessi grein frv. var felld.

Á Alþingi 1903 báru tveir þingmenn fram frv. um að sameina biskupsembættið forstöðumannsembættinu við prestaskólann. Frv. náði ekki fram að ganga, en því hafði þó verið breytt svo, að forstöðumannsembættið skyldi sameinað biskupsembættinu.

Á Alþingi 1905 var samþykkt þingsályktun um að biskupsembættið yrði ekki veitt, fyrr en Alþingi hefði rætt tillögur millipinganeftnda um kirkjumálaggjöf. Einn nefndarmanna í kirkjumálanefndinni samdi frv. um sameiningu forstöðumannsembættis prestaskólans við biskupsembættið, en það frv. var ekki flutt á Alþingi.

Á Alþingi 1909 var flutt stjórnarfrv. um varabiskup. Skyldi hann hafa biskups-vígslu og vígja biskup, ef því var að skipta, og vígja presta í forföllum biskups. Meginröksemdin fyrir frv. var sú, að mönnum þótti óviðeigandi, að íslenskur biskup þyrfti að sækja vígslu til annarra landa. Þingmönnum þótti frv. yfirleitt til bóta, en töldu, að embættisheitið varabiskup væri ótækt, og kusu fremur, að biskupinn nefndist vígslubiskup. Dr. Jón Þorkelsson bar nú fram frv. til laga um endurreisn Hólabiskupsdæmis hins forna og um tvo vígslubiskupa á Íslandi. Hugmyndir um biskupsembætti á Alþingi allt fram til 1909 höfðu eigi verið rismiklar, en hér kvað gagnert við nýjan tón. Er vissulega reisin yfir frumvarpi dr. Jóns og eigi síður málaþyngju hans á Alþingi, enda kló hér sá, er kunn. Var frv. dr. Jóns um tvo vígslubiskupa samþykkt, sbr. lög nr. 38/1909, en það ákvæði frv., er fjallaði um biskup á Hólum, var felld.

Frv. til laga um biskupskosningar var samþykkt á Alþingi 1921, sbr. lög nr. 21/1921, er enn gilda óbreytt.

Viðleitni sú til sparnaðar á útgjöldum ríkisins, sem gætti mjög á Alþingi 1923 og 1924, varð hvati að þrennum frv. Hið fyrsta var stjórnarfrv. 1923, er kvað á um afnám biskupsembættisins, en tvö frv. 1924 hnigu að því að sameina biskupsembætti, prófessorsembætti eða dósentsembætti við guðfræðideild Háskólans. Eigi náðu þessi frv. fram að ganga.

Verður nú hljótt um langan tíma um málefni þetta á Alþingi, en næstu tillögur horfa til þess að fjölga biskupsembættum og draga eigi úr.

Þegar kom fram á fjórða og fimmta áratug þessarar aldar, hófust umræður að marki um endurreisn biskupsstóla og um fjölgun biskupsembættta. Þetta mál kom fyrst til umræðu á Alþingi með frv., er prófessor Magnús Jónsson flutti 1941 (Alþ.tíð. þ. á., þskj. 48). Samkvæmt því frv. skyldu biskupsdæmi vera tvö, Skálholtsbiskupsdæmi með biskupssetri í Reykjavík, og Hólabiskupsdæmi með biskupssetri á Akureyri. Skyldi Skálholtsbiskup hafa stjórn og yfirsókn um Sunnlendingafjórðung og Vestfirðingafjórðung, frá Austur-Skaftafellsprófastsdæmi til Strandaprófastsdæmis, að háðum prófastsdæmum meðtöldum. Hólabiskup skyldi hafa stjórn og yfirsókn í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungum, frá Húnavatnsprófastsdæmi til Suður-Múlaprófastsdæmis. Ákvæði voru í frv. þessu um biskupskjör, og skyldu prestar og prófastar hafa kosningarrétt, en guðfræðikennarar einnig við biskupskjör í Skálholtsbiskupsdæmi. Hver kjósandi skyldi greiða einum manni atkvæði, og voru allir þeir kjörgengir, er rétt hafa til prestsembættis í þjóðkirkjunni. Þeim manni skyldi veita embættið, er flest fengi atkvæði, en hlutkesti skyldi ráða, ef tveir eða fleiri hlytu jafnmörg atkvæði. Gert var ráð fyrir, að embætti vígslubiskupa héldust. Fyrirmæli voru um prestastefnur í biskupsdæmum. Þá var það ákvæði um biskupsvígslu, að biskup skyldi vígja eftirmann sinn, en ella hinn biskupinn, ef hans naut við. Að öðrum kosti skyldi vígslubiskup framkvæma vígslu, og sá þeirra, er vígsluþegi kaus til. Í frv. sagði, að Skálholtsbiskup skuli hafa á hendi umsjón, sem er undir stjórn biskups landsins. Lögín skyldu ekki koma til framkvæmda, fyrr en við næstu biskupaskipti eða þegar biskup landsins gæfi samþykki sitt til þessa, en þá skyldi hann verða Skálholtsbiskup.

Í greinargerð með frv. prófessors Magnúsar koma fram þær tvær meginástæður fyrir fjölgun biskupsdæma, sem síðar hefur verið byggt á, annars vegar að þjóðlegur metnaður bjóði að endurreisa biskupsdæmi og biskupsstólana fornu og hins vegar að þjóðkirkjunni sé að því starfsnauðsyn að landinu sé skipt í fleiri biskupsdæmi.

Á Alþingi 1945 fluttu fimm þingmenn frv. til laga „um endurreisn hinna fornu biskupsstóla að Skálholti og Hólum í Hjaltadal“. Í frv. þessu fólst að verulegu leyti önnur stefna en í frv. prófessors Magnúsar Jónssonar. Samkv. frv. skyldu vera hér á landi, auk biskups, tveir vígslubiskupar, annar í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna með embættissetri í Skálholti, og hinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna með embættissetri á Hólum í Hjaltadal. Vígslubiskupar skyldu kjörnir af öllum þjónandi prestum þjóðkirkjunnar. Kjörgengir eru allir þeir, sem rétt hafa til prestsembættis í þjóðkirkjunni, án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir á landinu. Skyldi um kosninguna fara eftir lögum um biskupskosningu. Ef enginn fengi áskilinn meiri hluta atkvæða, skyldi embættið veitt eftir tillögum biskups, en hann skyldi vígja vígslubiskupa. Vígslubiskupar skyldu jafnframt vera dómkirkjuprestar, hvor á sínu setri. Biskup gat falið þeim að vígja presta í biskupsdæmunum, ef hann fékk því eigi sjálfur við komið. Þeir skyldu og vísitera í biskupsdæmum og haga yfirreiðum að fyrirmælum biskups og í samráði við hann. Vígslubiskupar vígja biskup, ef fráfarandi biskup getur eigi gert það, og sá þeirra, er viðtakandi biskup kveður til þess. Þegar fráfarandi biskup framkvæmir vígslu, skulu vígslubiskupar vera sjálfkjörnir vígsluvottar. Eigi síðar en 1950 skyldu reistar biskupsíbúðir að Skálholti og á Hólum, og mælt var fyrir um að reisa skyldi vandaða dómkirkju í Skálholti og framkvæma fullnaðarviðgerð á Hóladómkirkju.

Fr. þetta var lagt fyrir Kirkjuráð og hlaut samþykki þess. Í greinargerð er lögð áhersla á þá nauðsyn, sem á því er, að biskupssetrunum sé sýndur sómi og að þar risi upp menntasetur. „En þá fyrst er virðing og hin forna helgi þessara frægu staða endurvakin, svo sæmd sé að, ef sameinað verður þar á ný biskupssetur og skóli.“ Í öðru lagi er bent á, að vegna stærðar landsins og samgangna sé ekki hægt að ætlast til þess, að biskup landsins geti haft það eftirlit, sem æskilegt er, með kirkjum og sófnuðum, prestum og prestssetrum. „Er því hin mesta nauðsyn á, að hann geti falið

völdum mönnum, er prestastéttin ber fullt traust til að annast slíkar yfirreiðar og heimsóknir fyrir sína hönd að einhverju leyti. En einmitt slíka aðstoðarmenn mundi hann fá, þar sem vígslubiskuparnir eru, með þeirri skipan, sem frv. miðar að.“

Fr. v. þetta varð ekki útrætt.

Á Alþingi 1955 fluttu þingmenn Árnassýslu tillögu til þingsályktunar, svofellda: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp um endurreisn biskupsstóls í Skálholti.“ Var tillagan flutt samkv. ósk prófasts og presta í Árnasprófastsdæmi. Tillaga þessi til þingsályktunar var samþykkt. Stóð tillaga þessi m. a. í tengslum við 900 ára afmæli biskupsstóls í Skálholti.

Á Alþingi 1956 var flutt tillaga til þingsályktunar um, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti. Stóðu átta þingmenn að þeirri tillögu. Tillagan var svofelld: „Alþingi ályktar, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti. — Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að undirbúa þá löggjöf, sem nauðsynleg kann að reynast vegna flutnings biskupsstólsins.“ Þessi tillaga var aldrei tekin á dagskrá til efnismeðferðar.

Á Alþingi 1957 fluttu fjórtán þingmenn þessa tillögu til þingsályktunar: „Alþingi ályktar, að biskup Íslands skuli hafa aðsetur í Skálholti.“ Um þessa tillögu urðu nokkuð miklar umræður, en tillagan varð ekki útrædd.

Á Alþingi 1961 fluttu fjórir þingmenn þessa tillögu til þingsályktunar: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram í samráði við biskupinn yfir Íslandi nauðsynlegan undirbúning að flutningi biskupsseturs að Skálholti, að lokinni þeirri uppbyggingu staðarins, sem nú stendur yfir.“ Þessi tillaga kom ekki til efnismeðferðar.

Á Alþingi 1962 flutti ríkisstjórnin frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað. Umræður urðu miklar um frv. þetta og snérist þær miðg um það, hvort ákveða ætti í frv. þessu eða í tengslum við það, að Skálholt yrði biskupssetur, og voru ýmsir þingmenn þeirri hugmynd fylgjandi. Ekki var þó tekin afstaða til þessa við meðferð frv. á Alþingi, en það var samþykkt sem kunnugt er, sbr. lög nr. 32/1963.

IV.

Kirkjubing þjóðkirkju Íslands hefur margoft fjallað um skipan biskupsdæma og biskupsstóla, allt frá því að fyrsta Kirkjubing var háð 1958. Tvívegis hafa verið samþykkt frumvörp til laga um biskupsdæmi hinnar íslensku þjóðkirkju, árin 1958 og 1968. Skulu þau frv. nú reifuð stuttlega.

Í frv. er Kirkjubing afgreiddi 1958, var gert ráð fyrir tveimur biskupum. Skyldi Skálholtsbiskup sitja í Reykjavík, en Hólabiskup á Akureyri. Þeim skyldi búið dvalarskilyrði í Skálholti og á Hólum, og skyldu þeir dveljast þar, „þegar þeim þykir henta og ber skylda til . . .“, þ. á m. þegar prestastefnur eru haldnar þar eða aðrir kirkjulegir fundir. Heimilt skyldi að ákveða, að Hólabiskup sæti á Hólum, „enda hafi það áður verið samþykkt af þjónandi þjóðkirkjuprestum og safnaðarfulltrúum biskupsdæmisins“. Skálholtsbiskupsdæmi skyldi taka yfir Austur-Skaftafellsprófastsdæmi til Norður-Ísafjarðarprófastsdæmis, að báðum prófastsdæmum meðtöldum, en Hólabiskupsdæmi yfir hinn hluta landsins. Ákvæði voru um biskupskjör í frv. þessu. Kosningarrétt skyldu eiga prófastar og þjónandi prestar þjóðkirkjunnar í því biskupsdæmi, er veita á. Kjörgengir til biskupsembætta eru allir þeir samkv. frv., „sem kjörgengi hafa til prestsembættis í þjóðkirkjunni“. Hver kjósandi skyldi kjósa einn þeirra, sem kjörgengir eru til embættis. Réttkjörinn biskup er sá, sem fær meira en helming greiddra atkvæða. Nú fær enginn það atkvæðamagn, og skal embættið þá veitt einhverjum þeirra þriggja manna, sem flest fengu atkvæðin. Biskup skyldi vígja eftirmann sinn, en ella hinn biskupinn. Kveðið var á um tvær árlegar prestastefnur í frv., í Skálholti og á Hólum. Biskupar skyldu eiga sæti í kirkjuráði og á kirkjubingi og skiptast þar á um forsæti. Báðir

biskupar skyldu fara með sameiginleg málefni kirkjunnar gagnvart stjórnvöldum og koma fram sem fulltrúar þjóðkirkjunnar eftir samkomulagi sín á milli. Biskupar skyldu hafa skrifstofur í Reykjavík og á Akureyri, en skrifstofa Skálholtsbiskups átti jafnframt að hafa með höndum sameiginleg málefni biskupsdæma beggja. Skrifstofustjóri hennar skal skipaður af kirkjumálaráðherra samkvæmt tillögum beggja biskupa. Nánari ákvæði um skiptingu á starfssviði biskupa skyldi setja með reglugerð, að fengnum tillögum beggja biskupa. Gert var ráð fyrir, að embætti vígslubiskupa skyldu niður lögð. Löggin áttu að koma til framkvæmda við næstu biskupskipti eða þegar biskup landsins veitti samþykki sitt til þess. Skal þá kjósa Hólabiskup, en biskup landsins verða Skálholtsbiskup.

Frumvarp Kirkjuþings var eigi lagt fyrir Alþingi.

Fyrir Kirkjuþing 1966 var lagt frv. um biskupa hinnar íslensku þjóðkirkju. Var frv. vísað til biskups og Kirkjuráðs til frekari undirbúnings undir næsta Kirkjuþing. Frv. var síðan samþykkt á Kirkjuþingi 1968. Samkv. því skyldu biskupsdæmi hinnar „íslensku þjóðkirkju vera þrjú, Reykjavíkur-, Skálholts- og Hólabiskupsdæmi, og biskupar sitja á þeim stöðum, sem biskupsdæmin eru við kennd. Kirkjumálaráðherra gat þó ákveðið, að Hólabiskup skyldi hafa annað aðsetur í biskupsdæminu, ef meirihluti sóknarpresta og safnaðarfulltrúa biskupsdæmisins óskar þess. Takmörk biskupsdæmanna skyldu vera hin sömu og til forna, en undan Skálholtsbiskupsdæmi takist Reykjavíkur- og Kjálarnesprófastsdæmi, er verður Reykjavíkurbiskupsdæmi. Ákvæði voru um biskupskjör í frv. Prófastar og þjónandi prestar hvers biskupsdæmis eiga kosningarrétt, en prófessorar við guðfræðideild Háskóla Íslands, þeir er kjörgengir eru til biskups, skyldu njóta kosningarréttar í Reykjavíkurprófastsdæmi. Skipa skyldi þann, er hlýtur $\frac{3}{5}$ atkvæða, en ef enginn hlýtur slíkt atkvæðamagn skyldi kjósa milli þeirra tveggja, sem flest fengu atkvæði. Verði þeir jafnir, skyldi skipa þann, sem eldri er í þjónustu kirkjunnar. Kjörgengir eru allir þeir, sem fullnægja skilyrðum til prestsembættis í þjóðkirkjunni án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir. Þá voru ákvæði um, að biskupar ættu samkv. embættisstöðu setu á Kirkjuþingi og í Kirkjuráði. Skyldu biskupar vera forsetar kirkjuþings á víxl eftir þeirri röð, sem þeir koma sér saman um, en Reykjavíkurbiskup skyldi vera forseti Kirkjuráðs. Leikmannafulltrúum á Kirkjuþingi skyldi fjölga um 2, en Kirkjuráð skyldi auk biskups skipað fjórum mönnum, kjörnum á Kirkjuþingi, þremur leikmönnum úr sínu biskupsdæmi hver og hinn fjórði þjónandi prestur. Kirkjuráð skyldi fara með umboð þjóðkirkju Íslands út á við og fyrirsvar hennar í þeim málum, sem varða hana í heild. Embættisskrifstofa Reykjavíkurbiskups skyldi jafnframt vera skrifstofa Kirkjuráðs. Kirkjumálaráðherra skipar henni skrifstofustjóra, (biskupsritara), að fengnum tillögum biskupa. Skrifstofan skyldi annast afgreiðslu og fyrirgreiðslu sameiginlegra mála kirkjunnar gagnvart stjórnvöldum og erlendum aðiljum og reka erindi einstakra biskupsdæma samkvæmt tilvísun biskupa. Þá voru ákvæði um, að Kirkjuráð hefði á hendi vörslu sameiginlegra sjóða kirkjunnar og þeirra kirkjueigna, sem hún hefur eða fær umráð yfir. Kirkjuráð ráðstafar samkvæmt tillögu biskupa því fé, sem veitt er árlega til prestssetra. Sjóðir og aðrar kirkjueignir, sem um hlutverk takmarkast við tiltekin biskupsdæmi, skulu vera í vörslu hlutaðeigandi biskups, ef lög og reglugerðir mæla því eigi í gegn. Biskup skal vígja eftirmann sinn, verði því við komið, ella framkvæmir biskupsvígslu sá biskup, sem eldri er í biskupsembætti eða að árum sé embættisaldur jafn. Biskupar skulu fara hver um sig með sérmál biskupsdæmis síns. Þeir vígja presta og kirkjur og framkvæma annað það í biskupsdæminu, sem lög, reglur eða venjur fella undir biskupsvald. Þeir skulu vísitera presta og söfnuði biskupsdæmis síns eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Biskup mátti tilnefna prest eða prófast í biskupsdæminu sem varamann sinn (officialis). Skálholtsbiskup skyldi ásamt Kirkjuráði hafa forræði Skálholtsstaðar í umboði þjóðkirkju Íslands. Þá voru fyrirmæli um, að prestastefnu skyldi halda árlega fyrir landið allt, og skulu biskupar

sitt árið hver undirbúa hana og stýra eftir þeirri röð, sem þeir ákveða. Prestastefnur skulu haldnar í hverju biskupsdæmi eftir þörfum. Jafnframt var boðið, að presta-
stefnur skuli haldnar í hverju biskupsdæmi eftir þörfum. Enn voru ákvæði um
launakjör og önnur starfskjör biskupa og að þeim skyldi veitt hæfilegt fé til skrif-
stofuhalds, ferðakostnaðar og risnu. Vígslubiskupsembætti skyldu niður lögð. Nú-
verandi biskup skyldi eiga rétt á að setjast í hvert biskupsembættið sem hann kys.

Frv. Kirkjuþings var eigi flutt á Alþingi.

Rétt er að geta hér tillögu, sem samþykkt var á Kirkjuþingi 1974 þess efnis, að
2. gr. laga nr. 21/1921 um biskupskosningu yrði breytt svo, að við hana bættist þetta
ákvæði: „Sama kosningarrétt hafa leikmenn á Kirkjuþingi og einn kjörmaður úr
hverju prófastsdæmi, valinn af safnaðarfulltrúum á héraðsfundi til 6 ára. Héraðs-
fundir kjósa varamenn á sama hátt.“

Árið 1955 skipaði kirkjumálaráðherra þrjá menn í nefnd til að endurskoða lög
og tilskipanir um málefni þjóðkirkjunnar. Var dr. Ásmundur Guðmundsson, biskup,
formaður hennar, en auk hans áttu sæti í nefndinni Gústav A. Jónasson, ráðuneytis-
stjóri og séra Sveinn Víkingur, biskupsritari. Þeir sömdu m. a. frumvarp til laga
um biskupa þjóðkirkju Íslands. Lå frv. þetta fyrir hinu fyrsta Kirkjuþingi 1958,
er samdi og samþykkti annað frv., sem reifað er hér að framan. Frv. kirkjumála-
nefndarinnar frá 1955 er mjög ítarlegt og þykir rétt að reifa efni þess í stórum
dráttum.

Í frv. var gert ráð fyrir þeirri skipan, að biskup Íslands væri yfirmaður hinnar
íslensku þjóðkirkju og hefði hann umsjón og eftirlit með framkvæmd kirkjumála
og störfum þeirra, er vinna í þjónustu kirkjunnar. Hann skyldi hafa búsetu í
Reykjavík, og var ríkinu skylt að sjá honum fyrir hæfilegum embættisbústað, og
mælt var fyrir um risnufé og ferðakostnað. Auk biskups Íslands voru biskupar á
Hólum og í Skálholti. Tók Skálholtsbiskupsdæmi samkv. frv. yfir Suður- og Vestur-
land, frá Austur-Skaftafellsprófastsdæmi til Norður-Ísafjarðarprófastsdæmis að báð-
um meðtöldum, en umdæmi Hólabiskups náði yfir Norður- og Austurland, frá
Strandaprófastsdæmi til Suður-Múlaprófastsdæmis. Rækileg ákvæði voru um verka-
skiptingu milli biskups Íslands og biskupanna á Hólum og í Skálholti. Biskup Ís-
lands skyldi sjá um öll sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar. Hann skyldi fylgjast
með því, að eigi veljist aðrir til prestsþjónustu en þeir, sem vel eru til þess hæfir,
og skyldi sá, er sækja vill um prestsembætti fá vottorð biskups um, að hann full-
nægi þeim kröfum, sem gerðar eru til þess, er hljóta má prestsvígslu. Biskup Ís-
lands skyldi halda ár hvert almenna prestastefnu fyrir landið allt og vera forseti
hennar. Hann skyldi vígja presta þjóðkirkjunnar, biskupa til Skálholts og Hóla, svo
og eftirmann sinn í embætti, ef því verður við komið. Þessi störf má hann þó fela
biskupi á Hólum eða í Skálholti, ef hann vill. Biskup Íslands skyldi og vígja kirkjur,
ef því yrði við komið, en ella biskupar á Hólum eða í Skálholti. Fyrirmæli voru
um kirkjuvígslubréf, er biskup gefur út. Biskup Íslands skyldi eigi sjaldnar
en á 20 ára fresti heimsækja hvern söfnuð landsins og kynna sér ýmis þau atriði,
er varða kristnihald í söfnuði, sambúð prests og safnaðar, ásigkomulag kirkju og
prestsseturs og annað það, er varðar hag prests og safnaðar. Skal hann vanda um
við hlutaðeigendur og gera tillögur til úrbóta, ef því er að skipta. Hann gengur eftir
skýrslum frá prestum um tiltekin atriði, er varða starfsemi kirkjunnar. Hann setur
prófasta um stundarsakir og enn fremur presta til þjónustu í prestslausum presta-
köllum o. fl. Biskup Íslands er fulltrúi íslensku þjóðkirkjunnar út á við gagnvart
erlendum kirkjum, kirkjudeildum og kirknasamböndum. Ef biskup getur eigi gegnt
störfum um stundarsakir vegna veikinda eða fjarvistar, er honum heimilt með sam-
þykki kirkjumálaráðherra að fela öðrum að gegna starfinu um hríð á sína ábyrgð.
Er biskup Íslands lætur af starfi, skyldi sá biskupanna í Skálholti eða á Hólum,
sem eldri er að biskupsvígslu, vera settur biskup Íslands, uns annar er skipaður.

Verkefni biskupanna á Hólum og í Skálholti var samkv. frv. bundið við að hafa tilsjón með kristnihaldi, hvor í sínu umdæmi. Þeir skulu halda a. m. k. annað hvert ár prestastefnur á Hólum og í Skálholti. Þeir skyldu vísitera allar kirkjur og söfnuði, hvor í sínu umdæmi, eigi sjaldnar en 5. hvert ár í Skálholtsumdæmi, en hið 4. hvert í Hólabiskupsdæmi, og gilda um heimsóknir þeirra sömu ákvæði sem um vísitasiur biskups Íslands. Þeir skyldu annast úttektir prestsetra og prestseturshúsa og hafa á hendi yfirendurskoðun allra reikninga kirkna í umdæminu og senda biskupi árlega skrá um fjárhag þeirra. Þeir skulu fylgjast með störfum presta og prófafa og gæta þess sérstaklega, að þeir sendi skýrslur til biskups um kirkjuleg málefni eftir því sem fyrir er mælt. Biskup Íslands gat falið þeim að vígja presta og kirkjur og framkvæma önnur biskupsverk, ef hann fær því eigi við komið. Biskupar í Skálholti og á Hólum vígja biskupa í forföllum biskups Íslands eða þegar hann óskar. Þeir eiga sæti á Kirkjuþingi. Þeir eru fulltrúar þjóðkirkjunnar á erlendum kirkjuþingum í forföllum biskups Íslands. Þeir skyldu flytja að jafnaði guðþjónustur í dómkirkju biskupssetrana. Ríkið skyldi sjá þeim fyrir embættisbústað, og ákvæði voru um starfskjör þeirra. Í frv. voru ákvæði um kosningar biskupa. Kosningarrétt við kjör biskups Íslands áttu allir sóknarprestar þjóðkirkjunnar, guðfræðikennarar Háskóla Íslands, svo og aðrir embættismenn ríkisins í þjónustu kirkjunnar, sem lokið hafa embættisprófi í guðfræði. Kjörgengir eru allir þeir, sem rétt hafa til embætta í þjóðkirkjunni. Sömu reglur gilda um kosningu biskupa til Hóla og Skálholts með þeirri breytingu, að við kjörið hafa aðeins atkvæðisrétt sóknarprestar hvors umdæmis um sig svo og fráfarandi biskup. Hver kjósandi skyldi kjósa einn mann sem biskupsefni. Réttkjörinn biskup er sá, sem fær meira en helming greiddra atkvæða. Ef enginn fær það atkvæðamagn, skal embættið „veitt þeim þeirra þriggja, er flest fengu atkvæði sem kirkjustjórnin telur best til þess fallinn“. Ráðgert var, að felld yrðu úr gildi m. a. lög um vígslubiskupa, nr. 38/1909 lög um biskupskosningu nr. 21/1921 og erindisbréf biskupa 1. júlí 1746.

V.

Við samningu frv. þessa hefur verið höfð rík hliðsjón af frumvörpum til laga og tillögum til þingsályktana, sem borin hafa verið fram á Alþingi, svo og af frumvörpum, er komið hafa fyrir Kirkjuþing, og af afstöðu Kirkjuþings til einstakra atriða. Þá hefur verið stuðst við sérfræðilega athugun, sem fram hefur farið á verkefnum biskups, bæði lögmæltum og venjubundnum. Nokkur athugun hefur og farið fram á norrænni löggjöf og biskupsdæmi og störf og starfsháttu biskupa. Þótt margt mæli með því, að biskupar verði þrír hér á landi, hefur af fjárhagsástæðum eigi þótt gerlegt að miða efni frv. við svo mikla fjölgun biskupa. Til álita hefur komið m. a. að halda í núverandi skipan með einum biskupi landsins og viðhalda vígslubiskupsembættum og ætla vígslubiskupum þá meiri verkefni en nú er og ákveða þeim embættissetur í Skálholti og á Hólum. Almennt er örðugt að breyta gömlum embættum verulega að inntaki til án breytingar á heiti embættis. Þessi lausn kemur ugglaut mjög til álita hjá Alþingi og svo fleiri leiðir, sbr. hér síðar, því að með þessu frv. er fyrst og fremst stefnt að því að kanna viðhorf og vilja Alþingis. Er sú hugmynd, sem frv. er reist á, aðeins ein af fleiri leiðum, sem sterkelega koma til greina.

VI.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að biskupsdæmi verði tvö, Hólabiskupsdæmi og Skálholtsbiskupsdæmi. Tillaga þessi er mjög í ætt við frv. Magnúsar prófessors Jónssonar frá 1941 og frumvarp, sem Kirkjuþing samþykkti 1958. Sama er um skilin milli biskups-

dæmanna, sbr. 2. gr. Í þeim frv. var hins vegar gert ráð fyrir, að Hólabiskup sæti á Akureyri. Hér er lagt til, að hann sitji á Hólum í Hjaltadal, sbr. 3. gr., þótt skipa megi því máli annan veg.

Helstu hugmyndir aðrar um lausn á þeim vanda, hvernig skipa eigi biskupsdæmum eru þessar:

1. Biskupsdæmi verði þrjú, Skálholts-, Hóla- og Reykjavíkurbiskupsdæmi, sbr. frumvarp Kirkjubings 1968 og frumvarp kirkjumálanefndarinnar, sem skipuð var 1955. Í síðarnefnda frv. er Reykjavíkurbiskup nefndur biskup Íslands, en hinir biskupar á Hólum og í Skálholti. Verður þá biskup Íslands fyrir þeim, en hinir biskuparnir hafa afmörkuð verkefni. Meira jafnræðis milli biskupanna þriggja gætir í frv. frá 1968, en þar er byggt á því, að Kirkjuráð gegni ýmsum sameiginlegum málum og fyrirsvari út á við.

2. Biskup Íslands verði einn, en vígslubiskupar tveir með auknu valdsviði frá því, sem nú er. Er þar sérstaklega að geta hugmyndað þeirrar, er lá til grundvallar frv. frá 1945, þar sem byggt er á, að vígslubiskupar sitji á Hólum og í Skálholti og verði þar dómkirkjuprestar jafnframt því að vera vígslubiskupar. Þessi hugmynd liggur nærri frv. kirkjulaganefndar, en þar eru embættismenn þessir nefndir biskupar, en eigi vígslubiskupar.

Vafalaust má hugsa sér fleiri lausnir, og er ærið álitamál, hvernig þessum málum verði hagkvæmast fyrir komið.

Um 2. gr.

Hin fornu skil milli Skálholtsbiskupsdæmis og Hólabiskupsdæmis miða Hólabiskupsdæmi við Norðlendingafjórðung, frá Helkunduheiði og Skorarvíkurbjargi á Langanesi til Hrutafjarðarár, en Skálholtsbiskupsdæmi tekur yfir aðra landshluta (í dómi 10. ágúst 1641 er þó miðað hér við Lönguhlíðarkamb á Langanesi að austan verðu). Til þessara fornu skila er vísað í lögum um vígslubiskupa nr. 38/1909. Eigi þykir einhlitt að leggja sögulegan mælikvarða á þetta mál, heldur ber að meta út frá félagslegum og stjórnsýslulegum viðhorfum í nútíma þjóðfélagi. Í frv. er í megindráttum fylgt frv. Magnúsar Jónssonar frá 1941 og frumvarpi Kirkjubings 1958, þ. e. að telja til Skálholtsbiskupsdæmis Suðurland, Vesturland og Vestfirði, en til Hólabiskupsdæmis Norðurland og Austurland. Þrátt fyrir þessa landfræðilegu stækkun Hólabiskupsdæmis, verða þar miklu færri íbúar en í Skálholtsbiskupsdæmi, þ. e. 44 931 á móti 171 697, miðað við manntal 1. desember 1974. Heyra 6 prófastsdæmi þá undir Hólabiskupsdæmi, en 9 undir Skálholtsbiskupsdæmi. Miklu fleiri kirkjur, prestaköll og sóknir heyra undir Skálholtsbiskup með þessari skipan. Landfræðilega er hún þó eðlileg.

Samkv. lögum 35/1970 geta mörk prófastsdæma e. t. v. breyst. Ef til þess kæmi, að slík breyting raskaði skilum milli biskupsdæma, yrði sjálfsagt gerð sérstök skipan á því máli við slíka breytingu. Þykir eigi ástæða til að orða sérstaklega í frv. reglu, er lúti að þessu tilviki.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að Skálholtsbiskup sitji í Reykjavík, en Hólabiskup á Hólum í Hjaltadal. Má þó gera aðra skipan, ef meirihluti sóknarpresta og safnaðarfulltrúa mælir með því. Í frv. Kirkjubinga er gert ráð fyrir, að Hólabiskup sitji á Akureyri, og sama er í frv. Magnúsar Jónssonar frá 1941. Í frv. frá 1945 er kveðið svo á, að vígslubiskup Hólabiskupsdæmis sitji á Hólum, og sama er um Hólabiskup samkv. frv. kirkjulaganefndar (1955). Svo sem fyrr er greint, verður að telja, að biskupssetur á Hólum sé mikilvægur þáttur í því starfi, sem nú er framundan um endurreisn Hólastaðar sem menningarmiðstöðvar á Norðurlandi, er komi einnig Austurlandi að liði. Um val biskupsseturs fer vitaskuld eftir ákvörðun Alþingis, og koma þar til greina ýmis sjónarmið, sem eigi verða rakin hér. Eðlilegt

þykir þó að láta það að nokkru velta á afstöðu þjónandi sóknarpresta og safn- aðarfulltrúa í biskupsdæmi, hvar biskup sitji, sbr. og fyrri frumvörpin sum, er hafa hliðstæða reglu að geyma.

Um 4.—6. gr.

Þessar greinar fjalla að efni til um verkefni biskupa og skilin milli starfssviða þeirra. Ýmis verkefni, er heyra nú undir biskup Íslands, eru í eðli sínu staðbundin, þau varða t. d. tiltekinn söfnuð, kirkju, prest, prestsetur, sóknarnefnd, kirkjugarð o. s. frv. Eru þau sérmál biskupsdæmis. Er það ljóst samkv. 4. gr. frv., að hvor biskup fer með sérmál biskupsdæmis. Frv. þetta breytir í engu biskupsvaldi, eða þeim verkefnum, sem nú eiga undir biskup. Önnur verkefni varða hinsvegar þjóð- kirkjuna sem stofnun, og eru eigi bundin staðarmörkum í eðli sínu. Gert er ráð fyrir því í 4. gr., að biskupar skuli fjalla sameiginlega um ýmis slík málefni, er varða afstöðu og úrlausn innanlands. Þar sem nú er boðið í slíkum tilvikum t. d. að leita tillagna eða umsagnar biskups, þá ber samkv. 2. málsgr. 4. gr. að leita til- lagna og umsagnar beggja biskupa, annaðhvort sameiginlega eða hvors þeirra um sig.

5. gr. frv. er reist á því meginsjónarmiði um verkefnaskiptingu, er að framan greinir. Varðar hún sjóði þjóðkirkjunnar og eignir. Ef sjóðir eða eignir eru tengdar allskostar við annað biskupsdæmi t. d. varða tiltekna kirkju þar, þá á sjóður eða eign að lúta umsjá og forræði biskups þar í biskupsdæmi, sem kirkja er, nema lög, skipulagsskrár (samþykktir) eða aðrir löggerningar standi því í vegi. Rétt þykir — einkum af hagkvæmisástæðum — að mæla svo fyrir, að aðrir sjóðir og eignir kirkjunnar lúti umsjá og forráðum Skálholtsbiskup. Er sú skipan brotalítill og skilvirk. Hins vegar er mælt svo fyrir, að Kirkjuráð úthluti fé úr sjóðum þessum (þ. e. hinum sameiginlegu) — og tekur það einnig til lánveitinga úr sjóði — svo og kveði á um ráðstafanir varðandi eignir, enda mæli lög eða löggerningar þessu eigi í gegn. Hefur Hólabiskup þar með afskiptarétt af þessum mikilvægu þáttum máls til jafns við hinn biskupinn. Lögð er áhersla á, að sérlög um einstaka sjóði kunna að mæla fyrir um sérstaka tilhögun á þessu máli, bæði varðandi vörslu sjóðs og úthlutun, og ganga þau þá fyrir. T. d. eru sérstök ákvæði um Kristnisjóð í II. kafla laga nr. 35/1970, kirkjugarðssjóði er sett sérstök stjórn, sbr. 27. gr. laga 21/1963, kirkjubyggingasjóður hefur og sérstaka stjórn, sbr. 2. gr. laga nr. 43/1954, og sér- stök nefnd sker úr um, hverjum veita skuli styrk til bókakaupa, sbr. lög 17/1931, 4. gr. Um hinn almenna kirkjusjóð, sbr. 3. og 4. gr. laga nr. 20/1890 gegnir óneitan- lega nokkuð sérstöku máli, þar sem kirkjur víðs vegar á landinu eiga þar innstæður. Eðlilegt þykir, uns endurskoðun fer fram á lögunum, að sá sjóður verði í umsjá Skálholtsbiskups, en kirkjuráð ákveði lánveitingar úr sjóðnum. Við ráðstafanir á kirkjueignum verður vitaskuld að gæta almennra lagareglna varðandi opinberar eignir.

Heimildargögn um eign eða sjóð geta mælt um annan hátt á vörslu og úthlutun úr sjóði en þann, er greinir í 5. gr., og ganga slík ákvæði þá fyrir.

Samkv. 6. gr. frv. er Skálholtsbiskup fulltrúi íslensku þjóðkirkjunnar út á við gagnvart erlendum kirkjum, kirkjudeildum og kirknasamböndum, en leita skal álits Kirkjuráðs um öll meiriháttar mál, er varða tengsl íslensku þjóðkirkjunnar við erlend kirkjufélög. Ef ágreiningur rís um það, hvað séu meiri háttar mál, sker kirkju- málaráðuneyti úr. Skálholtsbiskupi er rétt að fela Hólabiskupi að koma fram fyrir hönd þjóðkirkjunnar í einstökum samböndum eða fara með úrlausn einstakra mála, sem eiga undir 6. gr. Nauðsynlegt er, að einn aðili sé ábyrgur um tengsl íslensku þjóðkirkjunnar við erlenda aðilja og taki við erindum, er að því lúti og afgreiði. Af hagkvæmisástæðum er eðlilegt að fela Skálholtsbiskupi þetta verkefni. Þar sem boðið er í greininni að öll veigameiri mál þessarar tegundar komi fyrir Kirkjuráð, er með því tryggt, að Hólabiskup fjalli einnig um þau, og þar með alla meiri háttar stefnumörkun.

Um 7. gr.

Hér segir, að biskupar báðir eigi samkv. embættisstöðu (ex officio) sæti á Kirkjubíngi og í Kirkjuráði, svo og á prestastefnu fyrir landið allt. Eru þeir forsetar Kirkjubíngs og prestastefnu til skiptis eftir röð. Felst þá einnig í því, að biskup undirbýr það Kirkjubíng eða þá prestastefnu, sem hann á að stýra samkv. þessu. Biskup er forseti prestastefnu, sem bundin er við biskupsdæmi hans. Lagt er til, að Skálholtsbiskup verði forseti Kirkjuráðs. Hefur hann vegna nálægðar við kirkjumálaráðuneytið o. fl. stjórnarsýsluvöld væntanlega betri tæk á að undirbúa fundi ráðsins en hinn biskupinn.

Um 8. gr.

Í 1. málsg. segir almennt um lögkjör biskupa, og skulu þeir njóta þeirra kjara, er biskup Íslands nýtur nú.

Í 2. málsg. segir um starfslið á skrifstofu biskupa. Á hvorri biskupsstofu skal vera skrifstofustjóri (biskupsritari), er kirkjumálaráðherra skipar, að fengnum tillögum biskups. Eigi er áskilið, að sá maður sé guðfræðingur. Heimilt er að tengja starf biskupsritara í Hólabiskupsdæmi við prestþjónustustarf eða annað þjónustustarf í þágu kirkjunnar, svo sem t. d. starf æskulýðsfulltrúa. Annað starfslið ræður biskup eftir því sem fé er veitt til.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um biskupsvígslu. Þykir eðlilegt, svo sem einnig er mælt fyrir um í fyrri frumvörpum, að leggja til, að forveri vígi eftirmann sinn, en ella biskup í hinu biskupsdæminu.

Um 10. gr.

Hér eru ákvæði um það, hvernig ráðstafa skuli biskupsembætti, ef biskup getur eigi gegnt embættinu. Er þar greint á milli þess annars vegar, hvort um forföll er að ræða um stundar sakir vegna veikinda, fjarvistar eða annars slíks og hins vegar að biskup falli frá eða láti af störfum. Í fyrra tilvikinu kveður kirkjumálaráðherra í samráði við biskup á um, hvernig fara skuli um rækslu embættisins. Í síðara tilvikinu skal yfirleitt setja hinn biskupinn til þess að gegna embættinu ásamt eigin embætti, uns nýr biskup verður skipaður. Eru þessi ákvæði á nokkuð annan veg en í frv. kirkjulaganefndar (1955).

Um 11. gr.

Í þessari grein er afstaða tekin til þess, hvernig skipa eigi einstökum málum, er lög ætla biskupi afskipti af og t. d. þar sem hann á sæti í stjórn stofnunar, nefndar eða stjórnar sbr. og 7. gr. Horfir þetta ákvæði til þess að eyða skýringarvandkvæðum í einstökum tilvikum. Breyta þyrfti formlega þeim lagaákvæðum, sem hér er vikið að, og verður það væntanlega gert við endurskoðun kirkjumálalöggjafar. Í 6. og 7. tölulið er lagt til, að kirkjumálaráðherra skipi annan hvorn biskupinn til þess að taka sæti í þeim stjórnnum, sem þar greinir, — og þá væntanlega til skiptis. Hinn biskupinn á rétt á fundarsetu í stjórnnum þessum, án atkvæðisréttar. Í 8. tölulið er Skálholtsbiskupi ætlað að hafa ásamt Kirkjuráði forræði um framkvæmdir og starfrækslu í Skálholti, sbr. lög 32/1963. Er þetta ákvæði orðað hér til að taka af hugsanleg tvímæli.

Um 12. gr.

Svo sem fyrr greinir, mun kirkjulaganefnd endurskoða ákvæði laga um stöðu og starfshætti biskups, svo og um biskupskosningar, nú á næstunni. Ákvæði um þessi efni eru því fá í frv. Með 12. gr. er vakin sérstök athygli á þörfinni á þessu endurskoðunarstarfi. Er vel hægt að afgreiða þetta frv., þótt slík endurskoðun liggi nú ekki fyrir.

Um 13. gr.

Hér er mælt fyrir um setningu reglugerðar af hálfu kirkjumálaráðherra, að fengnum tillögum biskups og Kirkjuráðs, um skiptingu verkefna milli biskupanna tveggja, svo og eftir atvikum um skiptingu eigna milli biskupsdæmanna. Verður visast þörf á slíkri reglugerð. Er efni frv. raunar við það miðað, að eigi sé farið út í smáatriði heldur lúti þau ákvæðum reglugerðar, sbr. og athugasemdir við 5. gr.

Um 14. gr.

Hér er mælt fyrir um gildistöku laganna og svo um það, hvenær þau komi til framkvæmda, sbr. um síðara atriðið 1. gr. frv. Lögín um vígslubiskupa nr. 38/1909 eiga að falla niður, er lögín koma til framkvæmda. Biskupi Íslands er veittur kostur á að velja hvort biskupsembættið sem er, og er það í samræmi við venjur, þegar embætti er skipt, svo sem hér er raun á.